



Hafnarfirð 31.12.07

Ársskýrsla SÍH fyrir árið 2007

Stjórnarstarf

Engin breyting varð á markmiðum stjórnar SÍH frá árinu 2006 en þá náði félagið þeim markmiðum sínum að vinna alla titla sem voru í boði hjá STÍ. Á árinu 2007 var leikurinn endurtekinn með því að félagið átti Íslandsmeistara í einstaklings- og liðakeppni, unglingsflokk og Bikarmeistara STÍ árið 2007.

Stjórnarfundir

Stjórn SÍH hélt átta stjórnarfundir á árinu, auk annarra funda tengda mótahaldi og komu erlendra gesta.

Daglegur rekstur

Rekstur félagsins var með sama sniði og áður. Bókhald var uppfært mánaðarlega og uppgjör fyrir árið var komið á vefsetur félagsins 1. janúar. Félagatal, árangur keppnismanna, uppfærsla á forgjöf og árangurstengdir styrkir var uppfært reglulega í gagnagrunn félagsins.

Félagsfundir

Enginn formlegur félagsfundur var haldin ár árinu.

Byrjendanámskeið

Eitt byrjendanámskeið var haldið á árinu 2007 og var þátttaka góð. Að venju var skráning í félagið og árgjaldið það ár innifalið í 6.000 kr. Þátttökugjaldi sem leiðir til þess að þátttakendur mæta frekar á almennar æfingar að námskeiði loknu.

Kvennaæfingar

Skipulögðum kvennaæfingum var haldið úti fram á haust og síðan til áramóta með óreglulegu sniði. Nýir æfingastjórar Inger Ericson og Anný Björk Guðmundsdóttir sáu um æfingarnar.

Íslands- og bikarmeistara SÍH 2007

Eins og áður er komið fram var eitt af markmiðum SÍH að eignast Íslands og bikarmeistara árið 2007. Að þessu sinni gekk það allt eftir og í annað sinn í röð hampaði félagið öllum titlum sem í boði voru á árinu. Íslandsmeistari 2007 varð Bjarni Viðar Jónsson í einstaklingskeppni og þeir Örn Valdimarsson, Bjarni Viðar Jónsson og Sigurbór Jóhannesson urðu Íslandsmeistarar í sveitakeppni. Hákon Juhlin Þorsteinsson varð Íslandsmeistari unglinga og Sigurbór Jóhannesson varð Bikarmeistari STÍ þriðja árið í röð. Bjarni Viðar Jónsson varð einnig Skotmaður SÍH 2007. Bjarni Viðar var af hálfu stjórnar SÍH tilnefndur til ÍBH sem afreksmaður SÍH 2007.

Keppnisferðir

- Sigurbór og Örn kepptu á Evrópumeistaramótinu í Granada á Spáni í júlí og heimsmeistaramótinu á Kýpur í september.
- Nokkrir félagsmenn héldu uppteknum hætti og fóru í keppnisferð til Jetsmark í Danmörku síðastliðið sumar og stóðu sig með þryði.
- Sigurbór Jóhannesson og Bjarni Viðar Jónsson fór í æfinga og keppnisferð til Bisley í Englandi.
- Nokkrir keppnismanna fóru í æfinga og keppnisferð til Grundarfjarðar og áttu þar góðan dag með heimamönnum

Félagatal

Þeir sem greiddu félagsgjald fyrir árið 2007 eru 101 sem er heldur færri en á síðasta ári þó töluverð endurnýjun hafi orðið í félaginu. Það er því nokkuð ljóst að mikið vantar af að eldri félagar séu virkir.

Skýrsla mótanefndar

Landsmót

Samtals voru skráðir 48 þátttakendur í 9 lands- og opin mót á árinu 2007 auk þess að félagsmenn sóttu mót erlendis. Félagið hélt eitt venjuleg landsmót og SÍH open sem var haldið í þriðja sinn í byrjun júlí. Erlendir þátttakendur á SÍH open voru aðeins tveir frá Svíþjóð.

Innanfélagsmót

Innanfélagsmót í SKEET voru þrjú þar sem samtals 33 þátttakendur voru skráðir til leiks. Á lokamótinu sem haldið var í ágúst varð eins og áður sagði Skotmaður SÍH árið 2007, Bjarni Viðar Jónsson.

Skýrsla fjárhagsnefndar

- Félagið fékk að venju fastan rekstrarstyrk frá Hafnarfjarðarbæ og kennslu- og lottó styrki frá ÍSÍ.
- Haldið var áfram að bjóða keppnismönnum upp á

árangurstengda styrki. Með því að ná sætum og titlum á landsmótum STÍ eiga þeir rétt á að sækja um styrki sem eru greiddir út með hringjum.

- Félagið fékk ferðastyrki úr Afreksmannasjóði vegna ferða erlendis og deildi þeim út til skotmanna í formi hringja á skotvellingum.
- Þessi háttur hefur vissulega komið keppnismönnum til góða þar sem samtals stóðu 11 keppnismönnum til boða 2350 hringir að andvirði 587.500- á árinu 2007.

Skýrsla skemmtinefndar

Heilmikil veisla var haldin að venju að loknu SÍH open, þar sem á matseðlinum voru grilluð lambalæri.

Skýrsla vallarnefndar

- Stjórn SÍH ítrekaði umsókn sína um stækkun félagsheimilisins en fékk neitun frá bæjaryfirvöldum af ýmsum undarlegum orsökum þrátt fyrir að bærinn hafi ekki ennþá útvegað rafmagn, vatn eða frárennsli eins og lög gera ráð fyrir m.a var gerð athugasemd við að ekki væri búið að deiluskipuleggja svæðið, frárennslismálum væri ekki fullnægt, eldhúsaðstöðu vantaði og fl. Að lokum fékkst þó byggingarleyfi og viðbyggingin var orðin fokheld um áramót.
- Viðhald á Iðavöllum var rétt í meðallagi gott og heldur minna en önnur ár.
- Slökkvitækjum og sjúkrakassa var komið fyrir í félagsheimilinu.
- Stjórn SÍH hefur átt viðræður við bæjaryfirvöldum varðandi rafmagn, stækkun á félagsheimili og stækkun á Iðavöllum ásamt annarri aðkomuleið en yfir æfinga og keppnissvæði Kvartmíluklúbbsins. Fundað hefur verið um málið með akstursípróttafélögunum, bæjaryfirvöldum og Landmótun sem sér um skipulagsvinnu á svæðinu. Allar líkur eru á að málið sé komið í farsælan farveg þó ekki liggi fyrir endanleg útfærsla.
- Gunnar Svavarsson gaf viljrði fyrir því á fundi með fulltrúum SÍH og Kvartmíluklúbbsins að félögin fengju rafmagn snemma á árinu 2007.
- Á árinu 2007 voru skotnar 138.800 leirdúfur og er það heldur meira magn en á síðastliðnum árum.
- Rafstöðin sem var farin að slappast var tekin og skveruð upp.

Ritnefnd

Félagið hélt úti öfluggu vefsetri þar sem lögð er áhersla á að hafa allar nýtanlegar upplýsingar fyrir félagsmenn aðgengilegar. Árangrar og aðrar fréttir birtast eins fljótt og mögulegt er. Einnig er þar að finna aðgang að gæðahandbók félagsins þar sem félagsmenn geta sótt

upplýsingar, fengið leiðbeiningar og kynnt sér reglur félagsins. Samtals voru heimsóknir á vefsetur SÍH tæplega 13.000 á árinu 2007.

Virðingarfyllt
fyrir hönd stjórnar SÍH

Ferdinand Hansen.

Ferdinand Hansen
formaður SÍH